

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**í máli nr. 4/2015**

**Kæra Vodafone á ákvörðun PFS nr. 1/2015**

**I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með kæru, dags. 4. mars 2015, hafa Fjarskipti hf. kært ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 1/2015, dags. 12. febrúar 2015, um beitingu vanefndaúrræða af hálfu Vodafone.

Í hinni kærðu ákvörðun er kveðið á um að kærandi hafi brotið gegn ákvæði 39. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar kærandi lokaði farsímanúmeri kvartanda þann 19. júní 2014 og 1. júlí 2014 án þess að uppfylla skilyrði ákvæðisins um greiðsluáskorun og tilkynningar til áskrifanda. Jafnframt er því beint til kæranda í hinni kærðu ákvörðun að lagfæra ferla í innheimtu til samræmis við ákvörðunina.

Af hálfu kæranda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þá er jafnframt gerð krafa um málskostnað, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 36/2009, um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

**II. Helstu málsatvik**

Málavextir eru þeir að kvartandi samdi við fyrrum vinnuveitanda sinn um að vinnuveitandi greiddi tiltekna upphæð af mánaðarlegum farsímareikningi kvartanda. Númeri kvartanda var lokað í júní 2014 og þegar kvartandi hafði samband við kæranda var honum tjáð að umrædd lokun væri vegna skuldar en þar sem engin skuld fannst á númerið var það opnað að nýju. Þá var númerinu lokað að nýju 1. júlí 2014 og var kvartanda aftur tjáð að það væri vegna skuldar vinnuveitanda við kæranda. Skuld vinnuveitanda við kæranda var þó ekki tilkomin vegna notkunar á símanúmeri kvartanda enda ekki komin gjalddagi á reikning símanúmers kvartanda. Var númerið því opnað að nýju.

**III. Helstu sjónarmið aðila máls og PFS**

**1.**

Kærandi telur hina kærðu ákvörðun ekki styðjast við lögbundnar skilgreiningar fjarskiptalaga heldur óheimila lögskýringu PFS einkum á hugtakinu „áskrifandi“ sem ekki

styðjist við lög og viðurkenndar lögskýringaraðferðir. Kærandi vísar til 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, þar sem hugtakið „áskrifandi“ er skilgreint. Þá vísar kærandi einnig til skilgreiningar á hugtakinu „notandi“ í 25. tölul. 1. mgr. 3. gr. fjarskiptalaga. Þá kemur fram að áskriftarskilmálar kæranda styðjist við framangreinda hugtakanotkun og vísar kærandi orðrétt til 5. tölul. skilmálanna í því sambandi.

Þá kemur fram í kæru að kærandi hafi litið á tilkynningu kvartanda sem umsókn um framsal áskriftar í skilningi skilmála félagsins. Að mati kæranda felist í skýringu hugtaksins „áskrifandi“ að áskrifandi geti annað hvort verið einstaklingur eða lögaðili sem eigi aðild að samningssambandi um áskrift, en ekki báðir, enda eintala notuð í umræddu lagaákvæði.

Kærandi telur að við lokun númersins hafi verið fylgt fyrirmælum 39. gr. fjarskiptalaga þar sem áskrifandanum, sem hafi verið vinnuveitandi kvartanda, hafi verið gefin skrifleg aðvörðun mánuði fyrir lokun. Kærandi telur enn fremur að PFS hafi með hinni kærðu ákvörðun beitt afar framsækinni lögskýringu þar sem hugtakið „rétthafi“ sé lagt til grundvallar eins og það hafi verið skilgreint með reglum PFS nr. 617/2010, um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum, í stað þess að beita almennri lögskýringu. Í því sambandi bendir kærandi á að reglur um númera- og þjónustuf lutning séu settar með stoð í 2. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 52. gr. laganna sem lúti að heimild til að setja reglur um númeraflutning en ekki 39. gr. fjarskiptalaga..

Kærandi mótmælir að réttarstöðu áskrifanda skv. 39. gr. fjarskiptalaga beri að skoða í ljósi efnisinntaks hugtaksins og þeirra skýringa og reglna um meðferð númeraréttinda sem PFS hafi sett með reglum PFS nr. 617/2010, um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum. Að mati kæranda sé slík lagatúlkun óheimil og í andstöðu við lögmætisreglu stjórnarsýsluréttar. Þá bendir kærandi á að með hinni kærðu ákvörðun sé m.a. lagt fyrir hann að breyta innheimtuferlum en slík breyting kalli á stórfelldar og kostnaðarsamar breytingar á reikningagerðarkerfum. Telur kærandi hina kærðu ákvörðun því íþyngjandi.

Kærandi telur einnig að PFS hafi ekki gætt að forgangsreglunni um lex superior þar sem efnisniðurstaða málsins sé reist á orðskýringum í reglum PFS nr. 617/2010 í stað beinnar orðskýringar fjarskiptalaga. Þá sé í hinni kærðu ákvörðun einnig vísað til reglugerðar nr. 526/2011, um reikningagerð fyrir fjarskiptaþjónustu, sem sé sett með stoð í 4. mgr. 38. gr. fjarskiptalaga og sem sé í nánnum tengslum við 39. gr. laganna þar sem notast er við hugtökin „áskrifandi“ og „notandi“. Bendir kærandi á að hér sé aftur um að ræða rétthærri réttarheimild þ.e.a.s. reglugerð, en ekki reglur og jafnframt sé reglugerðin yngri en reglurnar og hafi reglugerðin því einnig forgang vegna þessa.

Þá byggir kærandi á því að ekki sé unnt að grafa undan lögbundnum hugtakaskilgreiningum með töku stjórnvaldsákvæðana sem í reynd setji aðrar og víðtækari reglur en leiða megi af lögum. Einnig telur kærandi að PFS virðist ekki gera

greinarmun á því sem stofnunin telji að æskilegt væri í lögum og því sem lagabókstafurinn mælir í raun fyrir um. Slíkt lagasetningarvald sé hjá löggjafanum en ekki stjórnvöldum.

Kærandi vekur einnig athygli úrskurðarnefndarinnar á því að PFS hafi boðað samráð við fjarskiptafyrirtæki um að samræma reglur sem gildu um réttarstöðu starfsmanna sem séu með farsíma sem vinnuveitandinn greiði að hluta eða fullu.

Þá telur kærandi að tilgangur löggjafans með sérstökum kafla um orðskýringar hljóti að hafa verið til að koma í veg fyrir að ágreiningur rísi um skýringu hugtaka sem komi fyrir í einstökum efnisákvæðum laganna.

Kærandi bendir á að lagareglan sem PFS hafi mælt fyrir um í hinni kærðu ákvörðun um að greiðsluáskorun sem beint sé til áskrifanda skuli jafnframt beint að rétthafa númers geti verið íþyngjandi fyrir áskrifandann. Komist fyrirtæki í vanskil beri að beina greiðsluáskorun að öllum starfsmönnum sem teljist rétthafar umræddra númera. Í því sambandi bendir kærandi á að slíkt fyrirkomulag brjóti í bága við meginregluna um friðhelgi bréfaskipta, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er bent á að fyrir skráð félag á markaði sé þessi friðhelgi afar mikilvæg enda geti upplýsingar um vanskil félags sem sendar væru fjölda starfsmanna talist verðmótandi upplýsingar.

Loks bendir kærandi á að kvartandi hafi verið framkvæmdastjóri og eini starfsmaður fyrirtækisins sem lokunin hafi beinst að. Fáist því ekki séð hvernig kvartandi hefði verið betur upplýstur með því að fá tvær greiðsluáskoranir, eina sem áskrifandi (framkvæmdastjóri félagsins) og aðra sem rétthafi númersins.

## 2.

Í ódagsettri greinargerð PFS er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfesti. Þá er tekið fram að ef úrskurðarnefndin fallist ekki á tilkynningaskyldu til rétthafa fari PFS fram á að nefndin taki afstöðu til sjónarmiða um að lokun á farsímanúmeri hafi átt sér stað þrátt fyrir að engin skuld hafi hvílt á umræddu númeri og að einnig hafi verið lokað fyrir innhringingar í númer kvartanda. Þá telur PFS að þessi sjónarmið geti leitt til þess að lokun kæranda á farsímanúmeri kvartanda hafi engu að síður verið ólögmat.

Hugtakið „áskrifandi“ í 39. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sé að mati PFS grundvallarskilgreiningaratriði og hafi verið leitast við að túlka orðalag ákvæðisins í hinni kærðu ákvörðun með hliðsjón af gildandi lögum og reglum.

PFS telur að þegar áskriftarsamningur sé gerður um símaþjónustu verði til rétthafi þeirra númeraréttinda sem áskrifanda sé úthlutað enda sé númerið bundið áskrifandanum (einstaklingi eða lögaðila) og eigi hann rétt á að flytja það með sér í áskrift til annars þjónustuveitanda, sbr. 52. gr. fjarskiptalaga. Um sé að ræða sjálfstæð réttindi til notkunar á símanúmeri sem leiði af því að vera í áskrift af fjarskiptaþjónustu en séu ekki bundin sérstakri áskrift tiltekins fjarskiptafyrirtækis.

Að mati PFS feli hugtakið réttthafi í sér hver beri endanlegan rétt og skyldur af tilteknu símanúmeri. Hugtakið réttthafi falli undir hugtakið áskrifandi í skilningi laganna. Þá kemur fram að það sé mat PFS að 39. gr. fjarskiptalaga sé ætlað að vernda hagsmuni þess sem með samningi hafi stofnað rétt og tekið á sig skuldbindingar um númer og nýti þjónustuna í sína þágu.

PFS bendir á að litið sé til annarra ákvæða í fjarskiptalögum þar sem hugtakið áskrifandi kom fyrir og að túlkun stofnunarinnar sé í fullu samræmi við önnur ákvæði laganna þar sem hugtakið komi fyrir.

PFS bendir enn fremur á að stofnuninni hafi verið heimilt að líta til reglna PFS nr. 617/2010, um númera og þjónustuflytning í almennum fjarskiptanetum, til fyllingar fjarskiptalögnum.

Í umfjöllun PFS kemur fram að kærandi hafi litið svo á að tilkynning kvartanda um breytingu á áskrift á umræddu númeri hafi falið í sér framsal í skilningi 5. tölul. áskriftarskilmála kæranda. Því hafi kærandi talið að vinnuveitandi væri áskrifandi númers kvartanda og beindi því greiðsluáskorun til vinnuveitanda sem samkvæmt tilkynningunni var greiðandi símanúmers kvartanda að hluta. PFS telur að slíkar breytingar á áskrift feli ekki í sér framsal áskriftarréttinda samkvæmt lögum og reglum sem gildi um fjarskipti. PFS bendir á í þessu sambandi að kvartandi hafi áfram verið réttthafi númersins í viðskiptamannagrunni kæranda. Telur PFS ljóst að kærandi hafi ekki litið svo á að með tilkynningunni væri kvartandi að afsala sér númeri sínu til vinnuveitanda.

PFS fellst á sjónarmið kæranda um að „áskrifandi“ í 7. tölul. 3. gr. feli í sér að áskrifandi geti ekki verið hvorutveggja í senn einstaklingur og lögaðili. Þá bendir PFS á að þegar réttthafi fái úthlutað númeri eða ákveði að flytja það til annars fjarskiptafyrirtækis sé komið á samningssambandi þar á milli. Slíkt samningssamband verði ekki rofið eða því breytt nema með þeim hætti að áskrifanda sé fyllilega ljóst að hann sé að afsala sér einhverjum rétti. Þá telur PFS að það að áskrifandi óski þess að þriðji aðili, í þessu tilviki vinnuveitandi, taki að sér að greiða hluta símreiknings áskrifanda feli ekki í sér slíkt framsal.

PFS telur hina kærða ákvörðun eiga trausta og skýra lagastoð og gerir í því sambandi athugasemdir við einstök sjónarmið og málsástæður kæranda.

#### *Um lögmætisreglu:*

PFS vísar á bug ásökunum um að hin kærða ákvörðun hafi stuðst við óheimila lagatúlkun sem sé í andstöðu við lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins, enda hafi stofnunin sýnt fram á að hin kærða ákvörðun sé byggð á lögum en ekki reglum. Þá bendir PFS á að ef ekki bæri að tilkynna réttthafa áður en beiting vanefndaúrræða ætti sér stað væri sú ákvörðun

Íþyngjandi fyrir áskrifanda, þ.e.a.s. hinn almenna réttihafa og neytendur almennt. Verði að telja að slíkir hagsmunir neytenda vegi ekki síður þungt en fjárhagslegir hagsmunir kæranda.

PFS hafi túlkað hugtakið áskrifandi í 7. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga og hvaða merkingu hugtakið hafi í samhengi við 39. gr. laganna. Niðurstaða um inntak hugtaksins styðjist jafnframt við 52. gr. fjarskiptalaga um að áskrifandi ráði yfir númeri sem honum hafi verið úthlutað, sbr. og 10. gr. reglna PFS nr. 617/2010, um númera- og þjónustu flutning í almennum fjarskiptanetum, sem kveði á um þær kröfur sem gerðar séu til þess að þessi réttindi geti flust á milli aðila. Niðurstaða PFS byggir því eingöngu á túlkun gildandi laga og reglna og sé því að mati PFS í fullu samræmi við lögmatísreglu stjórnarsýsluréttar.

PFS bendir á að stofnunin hafi ekki tekið afstöðu til þess hvernig útfærsla á tilkynningum skyldi hagað heldur einungis að slíkar tilkynningar þyrftu að samrýmast ákvæði 39. gr. laganna. Útfærsla sé alfarið í höndum kæranda. Þá bendir PFS á að Síminn hf. sendi tilkynningar til áskrifenda áður en til lokunar komi þegar greiðandi sé ekki jafnframt réttihafi. PFS telur því ekki fást séð að sú málsástæða kæranda að ákvörðunin leiði af sér stórfelldar og kostnaðarsamar breytingar á reikningagerðarkerfum félagsins sé réttmæt.

#### *Forgangsreglan lex superior:*

PFS gerir athugasemd við að kærandi telji stofnunina ekki hafa gætt að forgangsreglunni um lex superior í hinni kærðu ákvörðun þar sem efnisniðurstaða málsins hafi byggt á orðskýringum í reglum PFS nr. 617/2010 í stað orðskýringakafla fjarskiptalaga. PFS tekur fram að hin kærða ákvörðun hafi verið byggð á orðskýringum fjarskiptalaga en reglur PFS nr. 617/2010 hafi verið notaðar lögunum til fyllingar. Því hafi stofnunin gætt að meginreglunni um lex superior í hinni kærðu ákvörðun.

PFS tekur undir með kæranda um að reglugerð nr. 526/2011, um reikningagerð fyrir fjarskiptaþjónustu, sé í nánnum tengslum við 39. gr. fjarskiptalaga og að í reglugerðinni séu notuð sömu hugtök og í fjarskiptalögum, þ.e.a.s. áskrifandi og notandi, enda noti PFS sömu hugtök í hinni kærðu ákvörðun. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar sé vísað til þess að áskrifandi fjarskiptaþjónustu eigi rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptaþjónustu ítarlega sundurliðaða. PFS telur að réttur til slíkra upplýsinga hljóti að vera á hendi áskrifanda þ.e.a.s. réttihafa þess númers sem tengist þjónustunni en ekki greiðanda reiknings hvort sem það sé að fullu eða hluta. Túlkun PFS á inntaki hugtaksins áskrifandi sé jafnframt í fullu samræmi við 38. gr. og 52. gr. fjarskiptalaga. Fallist úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála á lagatúlkun kæranda verði ekki annað séð en að opnað verði fyrir þann möguleika að greiðandi (vinnuveitandi) geti aflað upplýsinga um fjarskiptanotkun réttihafa (starfsmanns) í krafti þess að greiðandi teljist vera áskrifandi þjónustunnar.

PFS telur að málsástæða kæranda um lex posterior eigi ekki við enda sé ekki verið að túlka hugtakið „áskrifandi“ samkvæmt reglum PFS og í andstöðu við lög heldur þvert á móti í samræmi við fjarskiptalög sem öðluðust gildi fyrir gildistöku reglnanna.

*Víðtækari regla en leiða megi af lögum:*

PFS gerir athugasemdir við fullyrðingar kæranda um að PFS hafi ekki gert greinarmun á því sem stofnunin telur æskilegt að sé í löggjöf og því sem lagabókstafurinn segir til um. Í því sambandi áréttar PFS að stofnunin hafi enga sérstaka skoðun á því hvernig lögin eigi að vera en stofnunin sé sett í þá stöðu að ljá lagaákvæðum merkingu í tengslum við tiltekin málsatvik. Í því hlutverki sínu þurfi stofnunin óhjákvæmilega að leggja mat á óljós lagaákvæði.

Hvað varðar fullyrðingar kæranda um vilja löggjafans þá telur PFS að kærandi gefi sér að greiðandi í þessu tilviki hafi öðlast stöðu áskrifanda en svo sé alls ekki. Kærandi virðist líta svo á að í þeim tilvikum sem áskrifandi óskar eftir að þriðji aðili greiði hluta símareikninga breytist staða hans í notanda. Notandi sé skilgreindur sem einstaklingur eða lögaðili sem noti eða sæki um að nota almenna fjarskiptaþjónustu. PFS telur að staða áskrifanda breytist ekki í samræmi við skilning kæranda. Skilmálar viðskiptasamnings kæranda geti ekki þokað skýrum formkröfum reglna sem PFS hafi sett með stoð í lögum um hvernig áskrift af númeraréttindum geti færst á milli aðila.

*Samráð við fjarskiptafyrirtæki:*

PFS gerir athugasemd við að kærandi telji það skjóta skökku við að PFS hafi boðað til samráðs um reglur til að skýra óljós hugtök daginn áður en hin kærða ákvörðun sé tekin. PFS bendir á að merking hugtakanna sem um ræði hafi ekki verið óljós líkt og kærandi vísi til. Að álitum PFS hafi þetta einmitt undirstrikað mismunandi verklag fjarskiptafyrirtækja hvað varði réttarstöðu áskrifanda og þörf fyrir úrbætur í þeim efnunum.

*Tilgangur orðskýringakafla:*

PFS er sammála kæranda um að markmið löggjafans með sérstökum kafla um orðskýringar í lögum sé að koma í veg fyrir að ágreiningur rísi um skýringu hugtaka sem komi fyrir í einstökum efnisákvæðum laga. Á hinn bóginn telur PFS ekki hlaupið að því að skýra öll hugtök þannig að þau séu tæmandi um allar hugsanlegar kringumstæður sem reynt geti á í tengslum við þau. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að inntak hugtaksins áskrifandi geti velt á því hvaða fjarskiptategund væri um að ræða þar sem áskrifandi fari með númeraréttindi. Þá ítrekar PFS að ekki sé óvanalegt í framkvæmd að túlka þurfi orðskýringarkafla laga með sama hætti og önnur ákvæði laga.

*Íþyngjandi ákvörðun fyrir greiðanda:*

Kærandi heldur því fram að hin kærða ákvörðun feli í sér nýja lagareglu sem geti verið íþyngjandi fyrir greiðanda og vísar til friðhelgi bréfaskrifta. PFS áréttar að þessi regla hafi gilt frá því lögin tóku gildi. Samskipti markaðsaðila sem varði fjárhagsmál geti ekki þokað settum lagaákvæðum til verndar neytendum verði tilkynning fjarskiptafyrirtækis til réttthafa um vanskil á annað borð talin raska stöðu hans á markaði eða varða viðskiptaleynd. PFS sjái ekkert því til fyrirstöðu að í þeim tilvikum sem greiðandi vilji tryggja trúnað um fjárhagsupplýsingar geti hann búið þannig um hnútana. Fyrirtæki sem

þjóði starfsmönnum sínum að greiða símreikninga starfsmanna geti lagt fyrir starfsmenn að þeir afsali sér rétti til tilkynninga með formlegum eða skriflegum hætti eða að hann greiði slík hlunnindi sem hreina launauppbót án þess að blanda reikningakerfum fjarskiptafyrirtækja inn í framkvæmd slíkra mála. Það sé því engin nauðsyn að mati PFS til að viðhalda þeirri túlkun á 39. gr. fjarskiptalaga sem kærandi fer fram á til að tryggja viðskiptaleynd markaðsaðila.

PFS telur sig hafa sýnt fram á að hin kærða ákvörðun hafi stoð í lögum. PFS hafi bent á að stærsti keppinautur kæranda sendi rétthöfum tilkynningu um fyrirhugaða lokun í þeim tilvikum þegar annar aðili er greiðandi fyrir þjónustuna án þess að það hafi komið fram umkvartanir frá þeim aðila um óhóflegan kostnað eða tæknileg vandkvæði við að beita slíkum ráðstöfunum. PFS telji að ekki eigi að gera minni kröfur til kæranda hvað þetta varði.

Loks telur PFS að horfa eigi til neytenda- og almannahagsmuna varðandi túlkun 39. gr. fjarskiptalaga. Tilgangur ákvæðisins sé að koma í veg fyrir að áskrifandi fjarskiptaþjónustu, þ.e.a.s. sá aðili sem fengið hafi úthlutað símanúmeri vegna símaþjónustu, verði fyrirvaralaust sambandslaus vegna vanskila án þess að honum hafi verið gefinn kostur á að greiða skuldina. Það sé ekki greiðandi sem verði fyrir óþægindum vegna lokunar á þjónustu áskrifanda. Ekki sé hægt að vísa til trúnaðar um fjárhagslega stöðu greiðanda til þess að víkja frá skyldum skv. 39. gr. fjarskiptalaga.

### 3.

Greinargerð PFS var send kæranda til athugasemda og bárust þær hinn 16. apríl 2015. Þar kemur m.a. fram að kærandi sé sammála því að hugtakið rétthafi sé ekki að finna í fjarskiptalögum. Telur kærandi málið snúast í hnotskurn um það. PFS hafi byggt hina kærðu ákvörðun á hugtakanotkun sem ekki styðjist við fjarskiptalög heldur reglur um númeraflutning.

#### *Lögskýringargögn:*

Hvað varðar fullyrðingu PFS um að engar leiðbeiningar sé að finna í lögskýringargögnum í aðdraganda að setningu laga nr. 81/2003 um hvaða hagsmuni 39. gr. sé ætlað að vernda bendir kærandi á lögskýringargögn að baki hugtaksskilgreiningum laganna. Í greinargerð frumvarpsins er varð að fjarskiptalögum nr. 107/1999 komi fram að skilgreiningarnar hafi verið samdar með hliðsjón af skilgreiningum hugtaka í rammatilskipun nr. 2002/21/EB og öðrum alþjóðareglum sem frumvarpið byggist á. Í rammatilskipuninni sé að finna skýringu á hugtakinu áskrifandi en ekki hugtakinu rétthafi. Telur kærandi það leiða af framangreindu að hugtakið áskrifandi sé bein þýðing á sama hugtaki í tilskipun EES. Þegar engum öðrum lögskýringagögnum sé til að dreifa sé einboðið að fara ber að vilja lögjafans með því að byggja á orðanna hljóðan í fjarskiptalögum, sem endurspeglar hugtakanotkun skv. alþjóðlegum skuldbindingum.

*Heildstætt kerfi eftirlitsreglna:*

Kærandi telur ótækt að hugtakið „áskrifandi“ hafi ólíka merkingu eftir því hvaða ákvæði fjarskiptalaga sé til umfjöllunar hverju sinni. Eingöngu með því að fylgja hugtakaskilgreiningu laganna sé tryggt að lögin geymi heildstætt kerfi efnisreglna.

Þá telur kærandi að ekki fáist annað séð en að PFS telji að ávallt þegar áskrifandi/ur séu nefndir í fjarskiptalögum þá sé jafnframt átt við rétthafa í skilningi reglna PFS um númeraflutninga. Slíkt fáist ekki staðist því þar sé PFS að setja nýja lagareglu sem löggjafinn sé einungis bær til að gera.

*Einstaklingur/lögaðili- framsal:*

Kærandi telur ágreiningslaust að áskrifandi geti ekki samtímis verið bæði einstaklingur og lögaðili. Þá telur kærandi rökvillu að hálfu PFS að gefa sér að hugtakið rétthafi falli undir hugtakið áskrifandi í skilningi laganna. Hugtökin áskrifandi, notandi og rétthafi séu aðskilin og ólík hugtök í fjarskiptarétti. Kvartandi hafi framselt vinnuveitanda sínum, sem hafi verið lögaðili, þau réttindi og skyldur sem tengd séu hugtakinu áskrifandi í skilningi 39. gr. laganna. Lögaðilinn sé áskrifandi í skilningi fjarskiptalaga. Hins vegar sé kvartandi áfram rétthafi í skilningi reglna um númeraflutning en þeirri stöðu fylgi að mati kæranda annars konar réttindi og skyldur. Ekki sé um það að ræða að fjarskiptafyrirtæki hafi vikið frá ótvíræðum lagareglum í skilmálum. Í tilkynningu kvartanda hafi falist framsal á réttindum hans og skyldum.

*Forgangsreglur – lögmætisreglan:*

Kærandi kveður efnisniðurstöðu málsins vera reista á orðskýringum í reglum PFS nr. 617/2010 í stað orðskýringa í fjarskiptalögum. Þannig fari hin kærða ákvörðun gegn forgangsreglunum lex superior og lex posterior. Hin kærða ákvörðun sé reist á 52. gr. fjarskiptalaga og telur kærandi skorta á nákvæmni í hugtakanotkun og bendir á að hugtakið áskrifandi komi hvorki fram í 52. gr. laganna né 10. gr. reglnanna. Þá bendir kærandi á að hugtakinu rétthafi sé ekki ætlað að hrófla við lögbundnum skilgreiningum fjarskiptalaganna, heldur sé því ætlað að koma þeim til viðbótar. Í því sambandi vísar kærandi til 1. mgr. 2. gr. reglnanna þar sem fram komi að auk skilgreininga fjarskiptalaga hafi tilgreind orð sérstaka merkingu.

Þá vísar kærandi til þess að PFS fullyrði að stofnunin notist m.a. við hugtakið notandi í hinni kærðu ákvörðun en engin fyrirmæli séu í 39. gr. fjarskiptalaga um að senda skuli innheimtuviðvörðun á notanda. Skorti ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar því viðhlítandi lagagrundvöll. Þar með séu þau í andstöðu við lögmætisreglu stjórnsluréttarins.



*Um form innheimtuviðvörunar:*

Kærandi telur óheppilegt að PFS leggi grunn að málsástæðum sínum með samstarfi við markaðsráðandi keppinaut kæranda ekki síst í ljósi þess að stofnunin dregur síðan rangar ályktanir af þeim samskiptum.

Í gögnum Skipta komi fram að fyrirtækið telji sér alls ekki skylt að senda vanskilatilkynningar á aðra en greiðendur.

Þá bendir kærandi á að innheimtuviðvörun með smáskilaboðum á notanda farsíma uppfylli auk þess ekki skilyrði 7. gr. innheimtulaga, nr. 95/2008, um skriflega viðvörun. Innheimtuviðvörun með smáskilaboðum uppfylli þaðan af síður skilyrði bókhaldslaga, nr. 145/1994, sbr. t.d. 19. gr. laganna um geymslu bókhaldsgagna. Ákvæði fjarskiptalaga um geymslutíma gagna girði þar að auki fyrir að smáskilaboðainnheimtuviðvörun gagnist sem bókhaldsgagn í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

*Friðhelgi bréfaskipta;*

Kærandi vísar til þess að innheimtulög áskilji bréflugar innheimtuviðvaranir. Telur kærandi að ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) um vernd bréfaskipta eigi við fullum fetum. Vísað er til þess að mannréttindadómstóllinn hafi verið skýr um að friðhelgi 8. gr. MSE taki einnig til viðskiptalegra samskipta. Rof á friðhelgi bréfaskipta verði skv. dómaframkvæmd MSE að byggja á lagaáskilnaðarreglu 2. mgr. 8. gr. MSE. Kærandi telur hina framsæknu lögskýringu á 39. gr. fjarskiptalaga ekki uppfylla lagaáskilnaðarreglu sáttmálans. Af þessari ástæðu einni beri að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Þá áréttar kærandi að vanskil skráðs félags á markaði falli undir hugtakið verðmótandi upplýsingar. Af greinargerð PFS megi hins vegar ráða að stofnunin telji fjarskiptalög rétt hærrí en verðbréfaviðskiptalög og lög um MSE. Sé full ástæða til að efast um þá lögskýringu enda liggja stjórnvaldssektir og refsiviðurlög við brotum á ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um birtingu upplýsinga, sbr. 141. og 142. gr. þeirra laga. Þá geymi ákvæði MSE fyrirmæli um vernd grundvallarréttinda.

PFS geri tillögu um hvernig unnt sé að tryggja trúnað og felist hún í því að fyrirtæki sem greiði reikning starfsmanns óski eftir að starfsmenn afsali sér rétti til tilkynninga með formlegum og skriflegum hætti. Kærandi telur röksemdafærsluna afar sérstaka. Neytendaverndin sé á endanum ekki ríkari en svo að stofnunin telji sjálfsagt að henni sé afsalað með samningum við vinnuveitanda.

Kærandi mótmælir kröfu PFS um að úrskurðarnefnd taki afstöðu til sjónarmiða kvartanda um að lokun á símanúmeri hafi átt sér stað þrátt fyrir að engin skuld hafi hvílt á umræddu símanúmeri. Í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðun hafi ekki verið vikið að þessum sjónarmiðum og geti nefndin því ekki fjallað um þau.

#### 4.

Þann 20. apríl 2015 var greinargerð kæranda send PFS til upplýsinga. Sama dag bárust nokkrar athugasemdir PFS.

PFS bendir á að málið ráðist ekki af túlkun á hugtakinu rétthafi heldur hugtakinu áskrifandi. Augljóst sé að mati PFS þegar um sé að ræða áskrift að símaþjónustu þá öðlist áskrifandi tiltekin réttindi sem séu bundin honum, þ.e.a.s. hann fái úthlutað símanúmeri á sínu nafni sem hann geti flutt með sér á milli þjónustuveitenda.

Túlka þurfi hugtakið áskrifandi með tilliti til þessa. Kærandi túlki hugtakið áskrifandi á þann veg að um sé að ræða þann aðila sem greiðir fyrir þjónustuna, t.d. vinnuveitanda. Horfa þurfi að mati PFS til afleiðinga þess ef túlkun kæranda væri tekin til greina en þá yrði ósamræmi um skýringu hugtaksins í hinum ýmsu ákvæðum fjarskiptalaga. Þannig vilji kærandi að hugtakið „áskrifandi“ merki í reynd greiðandi í tilviki ákvæðisins um vanskil samkvæmt 39. gr. fjarskiptalaga en ekki endilega þegar um sé að ræða 38. gr. laganna enda augljóst að vinnuveitandi (greiðandi) geti ekki fengið upplýsingar um númer sem annar aðili (starfsmaðurinn) sé skráður rétthafi að. Hér myndi því skapast misræmi um inntak ákvæðisins og réttarskerðing gagnvart neytendum.

Horfa verði til þess að framkvæmd Símans sé öðruvísi og tryggi hagsmuni rétthafa hvað þetta varði þó svo að í tilkynningu um lokun sé ekki gefinn 30 daga fyrirvari. Sjónarmið um að tilkynning til áskrifanda og rétthafa númers sé tæknilega flókin og kostnaðarsöm eigi því ekki við rök að styðjast.

Að lokum tekur PFS fram að úrskurðarnefnd fari með fullt endurskoðunarvald á ákvörðunum PFS. Kröfugerð eða ábending PFS til úrskurðarnefndar varðandi mögulega niðurstöðu hljóti að taka tillit til þess að um nýja niðurstöðu geti verið að ræða. Að áliti PFS þyrfti úrskurðarnefnd t.d. ekki að vísa til þess að verið væri að leggja varakröfur PFS til grundvallar ef nefndin taki ákvörðun um að breyta niðurstöðu PFS. Sýnist PFS að nefndin hafi fullt forræði á því að gera slíkar breytingar að eigin frumkvæði.

### IV. Niðurstöður

#### 1.

Í máli þessu er deilt um hvort kæranda hafi verið heimilt að loka farsímanúmeri kvartanda án tilkynningar til kvartanda vegna skulda vinnuveitanda kvartanda sem hafi verið greiðandi fjarskiptaþjónustunnar, þó aðeins að hluta til samkvæmt samkomulagi milli kvartanda og vinnuveitanda hans. Aðilar eru sammála um að kvartandi hafi verið rétthafi símanúmersins. Nánar tiltekið greinir aðila málsins á um hvort það hafi verið fullnægjandi af hálfu kæranda samkvæmt 39. gr. fjarskiptalaga að senda aðeins aðvörun um lokun símanúmersins til vinnuveitanda kvartanda. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að umrædd lokun á númeri kvartanda hafi verið til komin vegna vanefnda á

reikningum í tengslum við notkun kvartanda heldur hafi hún komið til vegna vanefnda vinnuveitandans á öðrum reikningum hjá kæranda.

Ágreiningur kæranda og PFS lýtur að túlkun á hugtakinu „áskrifandi“ í fjarskiptalögum og beitingu þess í 39. gr. fjarskiptalaga. Kærandi telur að hugtakið áskrifandi taki samkvæmt orðskýringum til þess einstaklings eða lögaðila sem sé aðili að samningi við seljanda fjarskiptaþjónustu um þjónustu. Kvartandi hafi ekki verið áskrifandi að þjónustu kæranda heldur hafi það verið vinnuveitandi kvartanda. Kvartandi hafi að mati kæranda sótt um að framselja þjónustusamning sinn til vinnuveitanda og kærandi fallist á það. Við vanskil vinnuveitandans hafi kærandi því sent viðvörðun til áskrifanda sem hafi verið vinnuveitandi en ekki til kvartanda sem rétthafa símanúmersins sem lokað var.

PFS leggur áherslu á að kvartandi hafi verið rétthafi símanúmersins sem kærandi hafi lokað vegna vanskila vinnuveitanda. Hugtakið áskrifandi verði að mati PFS að skoða í samhengi við upphaf áskriftar svo og hvaða hagsmuni sé verið að vernda í 39. gr. fjarskiptalaga. Verður að skilja röksemdir PFS með þeim hætti að hugtakið rétthafi sé í raun hluti hugstaksins áskrifandi í skilningi fjarskiptalaga.

## 2.

Fjarskiptalög gilda um fjarskiptaþjónustu og koma hugtakaskilgreiningar fram í II. kafla laganna. Hugtakið „áskrifandi“ er skilgreint í 7. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga og er þar átt við einstakling eða lögaðila sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu. Hugtakið „notandi“ er skilgreint í 25. tölul. greinarinnar og er það einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu. Hugtökin rétthafi og greiðandi koma ekki fram í fjarskiptalögum. Í greinagerð með frumvarpi til fjarskiptalaga kemur fram hvað varðar II. kafla laganna að brýnt sé að orðskýringar séu í samræmi við fjarskiptalöggjöf ESB til að ná markmiðum EES-samningsins um einsleitni. Að öðru leyti eru hugtök frumvarpsins ekki skýrð nánar heldur er vísað til gildandi laga.

Í tilskipun 2002/21/EB, rammatilskipun, eru orðskýringar í 2. gr. Þar eru hugtökin notandi, neytandi og áskrifandi skilgreind. Hugtökin áskrifandi og notandi eru efnislega samhljóða þeim í 3. gr. fjarskiptalaga.

Reglur PFS nr. 617/2010, um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum, eru settar á grundvelli 2. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 52. gr. fjarskiptalaga. Fjallar 37. gr. fjarskiptalaga um viðskiptaskilmála og 52. gr. fjallar um númeraflutning. Engin vanefndaúrræði vegna vanskila koma fram í reglunum. Í 2. gr. reglnanna er fjallað um skilgreiningar og er þar vísað til skilgreininga í fjarskiptalögum og auk þeirra skilgreininga sem taldar eru upp. Hugtakið „notandi“ er skilgreint í reglunum svo og hugtakið „rétthafi“. „Notandi“ er efnislega samhljóða skilgreiningu í fjarskiptalögum. Hugtakið „rétthafi“ er skilgreint sem sá einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur

úthlutað númeri frá fjarskiptafyrirtæki á sitt nafn eða er handhafi óskráðs frelsisnúmers og fer með réttindi og skyldur vegna notkunar þess númers.

### 3.

Kærandi telur að með ákvörðun sinni hafi PFS farið út fyrir valdheimildir sínar. Hafi stofnunin með túlkun sinni á ákvæðum fjarskiptalaga í málinu búið til nýja reglu sem einvörðungu löggjafinn sé bær um að setja. Þannig sé lögmætisregla stjórnarsýslunnar brotin í hinni kærðu ákvörðun.

Úrskurðarnefnd fellst ekki á þau rök kæranda að málsmeðferð PFS feli í sér brot á reglum stjórnarsýsluréttar eða að stofnunin hafi farið út fyrir valdheimildir sínar. Því til stuðnings er bent á að PFS er falið samkvæmt 2. gr. fjarskiptalaga að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og heimilað að setja nánari reglur um ákveðin atriði, sbr. t.d. 3. mgr. 52. gr. laganna. Sérstök lög gilda um stofnunina, sbr. lög nr. 69/2003, þar sem henni eru falin veigamikil verkefni sem eftirlits- og ákvörðunaraðili á sviði fjarskipta- og póstmála.

Fjarskiptalög og lög um Póst- og fjarskiptastofnun fela í sér bæði heimild og skyldu PFS til að túlka ákvæði laga og reglna settra á grundvelli þeirra er varða þau úrlausnarefni sem stofnuninni er ætlað að leysa og um leið leiðbeina fjarskiptafyrirtækjum, póstrekendum og neytendum slíkrar þjónustu. Verður því ekki fallist á að hin kærða ákvörðun sé ólögmat á grundvelli þess að PFS hafi farið út fyrir valdheimildir sínar eða brotið lögmætisreglu stjórnarsýslunnar.

### 4.

Í máli þessu er einvörðungu deilt um túlkun hugtaksins „áskrifandi“ í 39. gr. fjarskiptalaga, en hugtak þetta kemur víða fyrir í lögnum. Úrskurðarnefnd fellst á það með PFS að túlka þurfi og skýra beitingu hvers ákvæðis laganna fyrir sig. Skilgreiningar, hvort sem þær er að finna í 3. gr. laganna eða í reglum settum á grundvelli þeirra, eru til fyllingar við túlkun efnisákvæða en fela ekki í sér þrengri lögskýringu sem bersýnilega kann að ganga gegn þeim hagsmunum sem efnisákvæðum laganna er ætlað að vernda. Verður slík skýring á merkingu orða þó allaf að styðjast við gild lögskýringarsjónarmið og tilgang laganna.

Við skoðun hugtakaskilgreininga fjarskiptalaga og reglna settra á grundvelli þeirra, sbr. t.d. skilgreiningu á númeri og vistföngum í 26. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga, má sjá að réttindi tengd ákveðnu númeri eða vistfangi sem auðkenna einstaka áskrifendur í fjarskiptakerfum eru grundvallaratriði við fjarskiptaþjónustu og forsenda notkunar. Óumdeilt virðist í málinu að rétthafi númers sé sá sem stofnað hafi til sammings við fjarskiptafyrirtæki. Þá verður einnig að telja óumdeilt að fjarskiptafyrirtæki veita þá þjónustu að rétthafi númers getur óskað eftir því að þriðji aðili, oftast vinnuveitandi rétthafa, greiði fyrir fjarskiptaþjónustu eða hluta hennar. Byggist hvort um sig, réttur til ákveðins númers og skylda til greiðslu fyrir þjónustu á samningi við fjarskiptafyrirtæki, þannig að í raun eru bæði rétthafi númers og greiðandi fyrir notkun þess í samningssambandi við fjarskiptafyrirtæki.

Áskrifandi er einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við fjarskiptafyrirtæki um afhendingu almennrar fjarskiptaþjónustu. Fari saman réttur til númers, notkun þess og skylda til greiðslu fyrir notin er ljóst að einn og sami aðili er áskrifandi og notandi. Telja verður að orðalag 1. mgr. 52. gr. fjarskiptalaga, þess efnis að notendum almennrar talsímaþjónustu skuli vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veiti þjónustuna vísi til þess að viðkomandi notandi þurfi jafnframt að vera réttthafi, sbr. 2. gr. reglna nr. 617/2010.

Í málinu óskaði kvartandi eftir því við kæranda að áskrift yrði breytt á þann veg að vinnuveitandi greiddi reikning fyrir notkun upp að ákveðnu marki, sem miðaðist við 8.000 kr. Kærandi leit ekki svo á að kvartandi hefði gefið eftir réttindi sín til símanúmers og byggði það á samningssambandi aðila.

Af framansögðu leiðir að orðið *áskrifandi* getur vísað til mismunandi réttarstöðu í hinum ýmsu ákvæðum fjarskiptalaga og náð þannig til bæði réttthafa og greiðanda þjónustu, eða annars þessara aðila. Niðurstaða um slíkt ræðst af túlkun orðsins í hverju ákvæði fjarskiptalaga fyrir sig, t.d. gæti ákvæði um persónuvernd og öryggi gagna leitt til þeirrar niðurstöðu að áskrifandi vísi til réttthafa einvörðungu en ekki þess sem greiðir fyrir þjónustuna, ef ekki er um sama aðila að ræða.

Sú ákvörðun áskrifanda að gera samning við þriðja aðila, t.d. vinnuveitanda, um að þriðji aðili greiði fyrir þjónustu vegna áskriftarinnar kann að valda því að réttur hans breytist og um leið skyldur fjarskiptafyrirtækja samkvæmt lögum. Þannig verður fjarskiptafyrirtæki ekki gert ábyrgt fyrir réttarsambandinu milli réttthafa og greiðanda að því marki sem það á ekki aðild að slíkum samningi. Fjarskiptafyrirtæki sem býður upp á slíka þjónustu við viðskiptavini sína verður eigi að síður að tryggja að innheimtakerfi geti haldið utan um þær skyldur sem því eru settar að lögum.

Skýrt er tiltekið í 39. gr. fjarskiptalaga að heimilt er að loka fyrir tal- og farsímaþjónustu vegna vanskila fyrir símtöl. Slíkt má öllum áskrifendum vera ljóst, hvort sem þeir teljast réttthafar eða greiðendur eingöngu eða hvorutveggja í senn. Ákveði þeir að fela öðrum aðila greiðslu reikninga sinna er ekki unnt með slíkum samningi að leggja auknar skyldur á fjarskiptafyrirtæki aðrar en þær sem leiða af 39. gr. fjarskiptalaga, nema samkomulag hafi verið gert við fjarskiptafyrirtækið um annað. Byggir þá málsmeðferð á samkomulagi en ekki beinu lagaákvæði og er samningsbundin málsmeðferð þá ítarlegri en umrætt lagaákvæði gerir áskilnað um.

Fallast má á það með kæranda að kvartandi hafi óskað eftir því að vinnuveitandi hans tæki við þeirri samningsbundnu skyldu að greiða fyrir farsímaþjónustu kvartanda að hluta. Verður því að fallast á þau rök kæranda að hann hafi staðið rétt að tilkynningum til áskrifanda í samræmi við 39. gr. fjarskiptalaga með því að beina þeim til vinnuveitanda kvartanda og verður að telja óumdeilt að það hafi verið gert með réttum hætti. Hin kærða

ákvörðun verður því ekki staðfest á þeim grundvelli sem PFS byggir á, þ.e.a.s. að kærandi hafi ekki uppfyllt skilyrði ákvæðis 39. gr. fjarskiptalaga um greiðsluáskorun og tilkynningar til áskrifanda.

## 5.

Af rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, leiðir að taka þarf til frekari skoðunar túlkun og beitingu 39. gr. fjarskiptalaga og hvort í því sambandi beri að staðfesta niðurstöðu PFS þótt ekki sé fallist á rökstuðning stofnunarinnar.

Í 39. gr. fjarskiptalaga er vísað til þess að fyrsta mánuð eftir lokun símanúmers skuli vera mögulegt að hringja í áskrifandann. Einnig kemur fram að áskrifandi skuli geta haft samband við neyðarnúmerið 112 í jafnlangan tíma. Þrátt fyrir skýrt orðalag ákvæðisins hefur í máli þessu ekki verið sýnt fram á að mögulegt hafi verið að hringja í kvartanda eftir lokun símanúmersins. Þeir sem það reyndu náðu ekki sambandi og fengu þau skilaboð að búið væri að loka númerinu. Hefur kærandi ekki andmælt þessu. Þar af leiðandi telur úrskurðarnefnd að kærandi hafi ekki fylgt ákvæði 39. gr. að öllu leyti við lokun á símanúmeri áskrifanda en hér er um mikilvæg öryggisatriði að ræða að mati úrskurðarnefndarinnar.

Eitt af álitaeftum málsins er hvort að vanskil á tilteknu númeri á forræði rétthafa en sem þriðji aðili greiðir séu skilyrði til lokunar á þessu einstaka númeri eða hvort nægilegt sé að önnur vanskil hins þriðja aðila heimili lokun númerans. Af ákvæðum 39. gr. fjarskiptalaga má draga þá ályktun að ákvæðið fjalli um lokun tiltekinnna númera sem notuð eru til að auðkenna einstaka áskrifendur í fjarskiptavirkjum, sbr. nánar 14. og 26. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga. Heimili fjarskiptafyrirtæki áskrifanda að láta annan aðila greiða fyrir þjónustuna en hann haldi eigi að síður réttindum til númerans sem rétthafi þá leiðir af þessari túlkun á 39. gr. fjarskiptalaga, að lokun verður að vera bundin vanskilum á því tiltekna númeri sem auðkennir hinn einstaka áskrifanda (rétthafa). Eigi að síður telur úrskurðarnefndin í ljósi þeirra gagna sem fyrir liggja í þessu máli ekki unnt að reisa ákvörðun í því á þessum grunni. Fullt tilefni er hins vegar fyrir PFS að ljúka þeirri vinnu að setja leiðbeiningar um réttarstöðu þeirra aðila sem óska eftir því að þriðji aðili greiði fyrir afnot án þess að framseld séu um leið réttindi til ráðstöfunar númerans.

## 6.

Kærandi gerir kröfu um málskostnað sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 36/2009, um úrskurðarnefnd fjarskiptamála. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er málskostnaður kostnaður nefndarinnar sem verður til við kærumeðferð máls hjá henni, að teknu tilliti til málskotsgjalds. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar skal sá málsaðili sem tapar máli að jafnaði greiða málskostnað nefndarinnar eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. greinarinnar. Þó verður notendum fjarskiptaþjónustu og PFS ekki gert að greiða málskostnað. Úrskurðarnefnd hefur því ekki heimild til þess að kveða á um að málskostnaður að frádregnu málskotsgjaldi falli niður. Kröfu kæranda að þessu leyti er

því hafnað. Hins vegar telur úrskurðarnefndin eðlilegt í ljósi niðurstöðu málsins að kærandi beri ekki fullan málskostnað.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008, um Póst- og fjarskiptastofnun.

## V.

### Úrskurðarorð:

**Ákvörðun PFS nr. 1/2015 um að Vodafone hafi brotið gegn ákvæði 39. gr. fjarskiptalaga þegar það lokaði símanúmeri kvartanda er staðfest þar sem skilyrði greinarinnar um að fyrsta mánuð eftir lokun skuli vera mögulegt að hringja í áskrifanda var ekki uppfyllt.**

Málskostnaður nefndarinnar er 1.166.000 kr. Kærandi greiði málskostnað að fjárhæð 583.000 kr. að frádregnu málskotsgjaldi 150.000 kr. Ríkissjóður ber málskostnað að fjárhæð 583.000 kr.

Reykjavík, 16. október 2015

Þórður Bogason form.

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Kirstín Þ. Flygenring